

X. kafli, 28. gr. 10. liður: Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, skal setja minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki, þótt ekki séu hituð með eldi. Á að vera: Öll eldunar- og hitunartæki, sem geta orðið heitari en 100° Celsius, þótt ekki séu hituð með eldi, skal setja minnst 23 cm frá timbri eða viðarlíki.

XIII. kafli, 32. gr. 3. liður: Í þeim húsum, sem ætluð eru til iðnaðar eða einhvers verknaðar að fylgt sé fyrirælum heilbrigðissamþykktar eða eftir atvikum brunamálasamþykktar o. s. frv. Á að vera: Í þeim húsum, sem ætluð eru til iðnaðar eða einhvers reksturs að fylgt sé fyrirælum heilbrigðissamþykktar eða brunamálasamþykktar o. s. frv.

XIII. kafli, 33. gr. úr 1. lið: — enda þótt annars sé krafizt, o. s. frv. Á að vera: — enda þótt að jafnaði sé krafizt, o. s. frv.

XV. kafli, 36. gr. 2. liður: Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 10 krónur í sveitarsjóð og 10 krónur fyrir hvert annað leyfi til að reisa mannvirki eða breyta því. Á að vera: Fyrir leyfi til að gera breytingu á húsi skal greiða 10 krónur í sveitarsjóð.

XVI. kafli, 37. gr. 1. og 2. liður: breytist í einn lið þannig: Samþykkt þessi tekur til allra nýrra húsbýgginga og mannvirkja, sem ekki eru fullgerð, þegar hún öðlast gildi, þó svo, að ekki verður krafizt niðurrifs á því, sem verið er að gera með heimild í fyrri byggingarsamþykkt.

SAMÞYKKT

um sveitarstjóra í Stokkseyrarhreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd kýs sveitarstjóra og skal ráðningartími hans vera til loka kjörtímabils hreppsnefndar.

2. gr.

Laun sveitarstjóra skuli vera kr. 7000.00 á mánuði, auk ferðakostnaðar í þarfir sveitarfélagsins.

3. gr.

Sveitarstjóri annast öll þau störf, sem oddvita eru falin samkvæmt 39. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 58 29. marz 1961.

4. gr.

Sveitarstjóri skal fara með framkvæmdastjórn, bókhald og fjárreiður fyrir rafveitu hreppsins og sjúkrasamlag, svo og önnur þau fyrirtæki, sem hreppurinn þarf að veita forstöðu og annast bókhald fyrir, svo sem útgerðarfyrirtæki, sem hreppurinn á hluta í og aðrar framkvæmdir, er ráðist verður í á vegum hreppsins á ráðningartíma sveitarstjóra.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Stokkseyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 16. marz 1963.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.